

Íbúðir og hótél á teikniborði

- Arkitektastofan T.ark kynnti borginni áform um byggingu 70-110 íbúða auk hótelsins við Hörpu
- Áætlanir um sex hæða hótél við Austurbakka gera einnig ráð fyrir fjölbylishúsum við Geirsgötu

SVIÐSLJÓS

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is



Áætlanir hóps fjárfesta sem undirbúa byggingu fimm stjörnu hótels við hlið Hörpu gera einnig ráð fyrir byggingu íbúðarbygginga við hótelið. Að sögn Hjálmars Sveinssonar, varaformanns umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, gera fyrstu drög sem kynnt hafa verið ráð fyrir byggingu þriggja eða fjögurra íbúðarhúsa á sömu lóð (reit númer 5 á deiliskipulagi Austurhafnar) fyrir 70 til 110 íbúðir.

Í sumar undirrituðu Síтус ehf. og Auro Investment ehf. kaupsamning um hótellóðina við hlið Hörpu á Austurbakka 2 og í byrjun október var frá því greint að fjárfestarnir væru búnir að greiða Síтус fyrir lóðina, rúmlega 1,8 milljarða kr. Hótelið sem risa á við Hörpu verður 5 stjörnu hótél, og er gert ráð fyrir að það verði a.m.k. 250 herbergja og á 6 hæðum. Ganga á frá samningum um rekstur hótelsins í þessum mánuði en fram hefur komið í Morgunblaðinu að Marriott-hótelkeðjan og annar þekktur aðili í hótélgeiranum hafi gert tilboð í reksturinn.

Eigendur Auro Investment ehf. eru verkfræðistofan Mannvit, Auro Investment Partners LLC og arkitektastofan T.ark, sem buðu sameiginlega í hótellóðina. T.ark annast hönnun hótelsins. Er vinna við frumhönnun í gangi og því liggja ekki endanlegar teikningar fyrir.

Fulltrúi T.ark kynnti hugmyndirnar að uppbyggingu á lóðinni við Austurhöfn á fundi umhverfis- og skipulagsráðs í vikunni.

Hjálmar Sveinsson segir að skv. gildandi deiliskipulagi, sem er frá árinu 2006, sé heimilt að byggja mjög stórar byggingar á þessu svæði, eða allt að 8 hæða hótél, en þau fyrstu drög sem kynnt hafi verið um uppbyggingu hótelsins og íbúðanna líti miklu betur út og séu til muna skaplegri. „Þessi uppbygging mun ekki skyggja neitt á Hörpu til að mynda séð frá Lækjargötu,“ segir Hjálmar.

Að sögn hans gera áformin ráð fyrir að í fjölbylishúsum verði 70-110 íbúðir, en endanlegur fjöldi



Tölvugerð mynd/T.ark

Áform Tölvumynd úr fyrstu drögum hönnunar arkitektastofunnar T.ark sýnir staðsetningu hótelsins við Hörpu.



mun ráðast af stærð þeirra. „Ég hef margoft sagt að ég tel það vera slæma þróun ef það verða eingöngu byggðar upp lúxúsíbúðir fyrir

sterkefnaða einstaklinga á þéttingarsvæðunum við höfnina. Borgin á því að mínu mati að reyna hvað hún getur til að skapa félagslega fjöl-

breytni á þessum uppbyggingarsvæðum. Ein leiðin til þess er að sjá til þess nægt úrval sé af til-tölulega litlum og þar af leiðandi ódýrum íbúðum,“ segir hann.

Þær hugmyndir um uppbyggingu sem nú er verið að móta virðast að mati hans falla nokkuð vel að þeim húsakosti sem er á svæðinu.

Hjálmar segir að arkitektastofan muni nú þróa teikningarnar frekar og kveðst hann gera ráð fyrir að áður en langt um liður verði útfærðar hugmyndir og endanlegar teikningar lagðar fyrir til afgreiðslu í skipulagsráði borgarinnar.

Eftir því sem næst verður komist verður byggingarreitirinn við Austurbakka tvískiptur. Mun hótelið standa nær Hörpu en íbúðirnar verða sunnan við það og nær Geirsgötu. Hefur verið við það miðað að húsinn verði í svipaðri hæð og Tollhúsið við Tryggvagötu. Gert er ráð fyrir göngugötu austan við fyrirhugað hótél og íbúðirnar en áfram verði gata á Austurbakkanum.

BYGGINGAR VIÐ HÖRPU

Lægri hús en í gildandi deiliskipulagi

Ivon Stefán Cilia, framkvæmdastjóri arkitektastofunnar T.ark, segir að nú sé unnið hördum höndum að hönnun hótelsins og íbúðarbygginganna á lóðinni við Austurbakka. Enn sem komið er hafi þó aðeins fyrstu drög að útliti og skipulagi verið kynnt. Nákvæmari teikningar verða birtar þegar gengið hefur verið frá samningum við rekstraraðila hótelsins, sem á að liggja fyrir innan nokkurra vikna.

Byggingarnar eiga að verða töluvert lágreitari en heimilað var á sínum tíma í gildandi deiliskipulagi eða 6 hæðir.

Hann segir að ekki verði kastað til höndum við hönnunina svo byggingarnar falli vel að umhverfinu og komið verði til móts við stefnu borgarinnar í þessum efnun.

„Við höldum okkur innan allra kvaða sem eru í gildandi deiliskipulagi,“ segir hann.

Tveir byggingarreitir óseldir við Hörpu

Gengið hefur verið frá sölu byggingarreita á Hörpureit að frátöldum reitum nr. 6 og 7. Síтус, sem hefur það hlutverk með höndum að selja lóðirnar í kringum Hörpu, undirbýr nú sölu á byggingarreit nr. 6 þar sem gert er ráð fyrir að risi verslunar- og skrifstofuhúsnæði, skv. upplýsingum

Haraldar Flosa Tryggvasonar stjórnarformanns. Hann segir einnig til skoðunar hvort möguleikar eru á sölu á reit 7, milli hótelsins og Hörpu.



Hjálmar Sveinsson

Engin merki um vilja til breytinga

- Sjómenn óánægðir með opinbert viðmiðunarverð í innri viðskiptum sjávarútvegsfyrirtækja
- Kröfur eru uppi um að markaðsverð verði látið ráða við útreikning skiptahlutar sjómanna

Helgi Bjarnason
helgi@mbl.is

„Það er skiljanlegt að menn séu ekki sáttir. Mér þykir verst að setta mig við að það eru engin merki um vilja hjá stjórnvöldum til breytinga og því sjður hjá útgerðarmönnum,“ segir Árni Bjarnason, forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og formaður Félags skipstjórnarmanna, um óánægju áhafna á skipum sem landa af til skyldra aðila með verð fyrir fiskinn.

Úrskurðarnefnd fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna ákveður lágmarksverð á fiski sem landað er hjá útgerðum í eigu sömu aðila og byggir á upplýsingum um verð á fiskmörkuðum og í öðrum viðskiptum á tólf mánaða tímabili. Verðið sveiflast því minna en á mörkuðunum en er undantekningalítið mun lægra en fæst á fiskmörkuðum.

Laun sjómanna ráðast af söluverði aflans. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í kjölfar harðra átaka og



Sævar Gunnarsson



Árni Bjarnason



Vilhjálmur Birgisson

verkfalla sjómanna og hafa sjómenn haldið þeirri kröfu á lofti að markaðsverð verði greitt fyrir allan fisk.

Á síðustu vikum hafa komið sláandi dæmi um mikinn mun á viðmiðunarverðinu og því verði sem fæst á fiskmörkuðum og er þetta umtalað um borð í skipunum. Það á ekki síst við um línuskip í eigu stórra útgerða því sjómennirnir hafa séð allt að helmingi hærra verð fyrir þorsk sem landað er á fiskmörkuðum. Sveiflurnar geta þó verið miklar.

„Okkur finnst ganga hægt að hækka fiskverðið. Menn eru óhressir

með það. Við erum alltaf að leggja meira og meira á okkur til að bæta hráefnið en fáum svo stundum helmingi lægra verð en þeir sem landa á fiskmörkuðunum,“ segir sjómaður á línuskipi sem vildi stöðu sinnar vegna ekki að nafn hans kæmi fram.

Markaðsverð á allan fisk

Sjómannasamtökin hafa haldið á loft þeirri kröfu að allur fiskur færi á markað svo verðmyndunin yrði eðlilegri. Fulltrúar þeirra stóðu að áliti í hinni svokölluðu sáttanefnd um breytingar á stjórn fiskveiða í þá veru að fiskvinnslur útgerðanna ættu forgangsrétt að hráefni sinna skipa en greiddu fyrir markaðsverð.

„Þetta fyrirkomulag með úrskurðarnefndina að láta tíu karla koma

saman einu sinni í mánuði til að reyna að ákveða verð á vöru sem markaðurinn hefur þegar myndað verð á er algert rugl,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands. Hann segir að sjómenn hafi ekki haft stuðning stjórnvalda til að breyta þessu.

Sævar og Árni Bjarnason kannast við óánægju sjómanna með fiskverði, sérstaklega þegar mikill munur er á fiskmarkaðsverði og þeirra verði, og segja hana skiljanlega. Málið sitji hins vegar fast. Þeir hafa uppi kröfur um breytingar á þessu í viðræðum við útvegsmenn um nýja kjarasamninga. Kjaradeilan er hjá Ríkissáttasemjara sem kallar fulltrúa deiluaðila reglulega saman en hvorki gengur né rekur, að mati fulltrúa sjómanna vegna kröfu útgerðarmanna um aukna hlutdeild í aflaverðmæti, meðal annars vegna hækkunar veiðigjalda.

Áhafnir geta samið

Vilhjálmur Birgisson, formaður

Verkalýðsfélags Akraness, vekur athygli á því í pistli á heimasíðu félagsins nýlega að í kjarasamningnum sé kveðið á um að útgerðarmaður og áhöfn skuli semja um fiskverð þegar útgerð selur afla til eigin vinnslu. Slíkan samning þurfi að bera undir áhöfn í leyningri atkvæðagreiðslu. Hvetur hann sjómenn til samninga og láta ekki útgerðarmenn komast upp með að nota viðmiðunarverð Verðlagsstofu því það sé lágmarksverð.

Í pistlinum rifjar Vilhjálmur upp skýrslu KPMG frá síðasta ári þar sem hann segir að fram komi að heildarlaun sjómanna sem taki laun eftir viðmiðunarverðinu hefðu verið sjö milljörðum hærra ef markaðsverð á fiskmörkuðum hefði verið látið ráða. Einnig veltir hann því fyrir sér hvort fyrirkomulagið sé brot á samkeppnislögunum og vísar þar til orða Samkeppniseftirlitsins um að aðild útvegsmanna að úrskurðum um fiskverð sé óþegleg í samkeppnislegu tilliti.